

# Heimahagar

Próunarverkefni 2015 - 2016



*Samstarf grunn – og  
leikskóla í Selásshverfi  
í Reykjavík*



*Selásskóli,*

*Blásalir,*

*Heiðarborg,*

*Rauðaborg*

Anna Sólveig Árnadóttir  
verkefnisstjóri Selásskóla

haustið 2016

**Nafn skóla:** Selásskóli – í samstarfi við leikskólana Heiðarborg, Rauðaborg og Blásali.  
Seláshverfi í Reykjavík

**Nafn verkefnisins:** Heimahagar

**Nafn verkefnisstjóra:** Anna Sólveig Árnadóttir

**Númer samnings og ártal:** UMS-294, 2015 – 2016. Verkefnið hlaut styrk í apríl 2015.

**Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

1. Að leikskólarnir Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg ásamt Selásskóla hefji samstarf um nýtingu og samvinnu á grenndarsvæði skólastiganna.
2. Að mynda teymi kennara, foreldra og annars fagfólks, - lærdómssamfélag, á sviði útináms sem vinnur saman, miðlar reynslu og eflir fagmennsku.
3. Brúa bilið milli skólastiga og efla tengsl á milli nemenda leik- og grunnskóla innan hverfis.
4. Að efla læsi og umhverfisvitund nemenda.
5. Auka vitund nemenda um að nýta megi nánasta umhverfi til fróðleiks og yndisauka.
6. Að nýta fjölbreyttar og raunprófaðar kennsluáferðir sem nýtast betur til einstaklingsmiðaðs náms.
7. Að bæta og auka samstarf starfsfólk með faglegri samvinnu sem miðar að fjölbreyttari kennsluháttum.
8. Að efla verklega kennsluhætti og mæta með því móti mismunandi námsstíl nemenda.
9. Að auka vellíðan og ánægju nemenda í námi sínu.



**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:**

Samstarf hefur verið til margar ára milli skólastiganna þá aðallega á formi heimsókna yngstu barnanna aftur í leikskólann sinn og þeirra yngstu í 1. bekk, auk ýmiss konar annars samstarfs eins og lestur grunnskólabarna fyrir leikskólabörnin.

Hugmyndin að Heimahögum er búin að gerjast nokkuð lengi og var upphaf samstarfs rætt fyrst formlega á fundi vorið 2014 með fulltrúum kennara skólastiganna allra. Í framhaldi af þessum fyrsta fundi voru sett fram markmið þau eru framar í þessari skýrslu og skilgreindar leiðir og verkþættir svo unnt væri að ná þeim markmiðum.

## Skilgreindir verkþættir

### 1. Nafn verkþáttar: Teymi – þróunarstjórn.

Tímabil verkþáttar: 1. apríl 2015 – 11. júní 2016.

Myndað var teymi kennara, foreldra og annars fagfólks, - lærdómssamfélag, á sviði útináms í því skyni að vinna saman, miðla reynslu og efla fagmennsku. Samstarf Selásskóla og leikskólanna Heiðarborgar, Rauðaborgar og Blásala í Seláshverfi Reykjavík var formgert varðandi nýtingu og samvinnu á grenndarsvæði skólastiganna. Teymi eða þróunarstjórnin var mynduð vorið 2015. Í teyminu eru fulltrúar allra skólanna, fulltrúar foreldra og fagaðilar utan skólanna, en þróunarstjórn fékk Helenu Óladóttur og Ólaf Oddsson, utanaðkomandi ráðgjafa sér til halds og trausts í upphafi. Hlutverk teymis eða þróunarstjórnar var að samhæfa verkefnið í heild sinni og sjá um framgang verkefnisins og skipulag funda, sjá um mat á verkefninu og annast skýrslugerðir. Teymið skipulagði skólaárið; sameiginlega teymisfundi og sameiginlega viðburði þvert á skólastigin.

### 2. Nafn verkþáttar: Kennarateymi: Stígur milli stiga I.

Tímabil verkþáttar: 1. apríl 2015 – 11. júní 2016.

Teymi kennara sem að kom að námi hjá elstu börnunum í leikskólunum og 1. bekk í Selásskóla skipulagði sameiginlega viðburði eða samvinnu á sameiginlega útisvæðinu. Þetta var gert í samvinnu við þróunarstjórnina. Í maí 2015 voru drög að sameiginlegri dagskrá tilbúin fyrir næsta skólaár. Í maí 2016 var svo hugað að endurskoðun skipulagsins fyrir næsta skólaár.

#### Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Frá upphafi hefur verkefnið gengið vel, enda var meðvituð ákvörðun þátttökuaðila að stíga viðráðanleg skref í verkefnum og tímaáætlun. Samkvæmt

fyrstu áætlun verkþátta var gert ráð fyrir verkþætti 3:

*Stígur milli stiga II – Flag í fóstur*, þar sem samstarf var

hugað milli elstu barnanna í leikskólunum, yngstu

barnanna í Selásskóla auk vinabekkjara 1. bekkjar (4.

bekk). Fyrirhugað var að þessi verkþáttur fæli í sér

samvinnu um svæði sem þyrfti að græða upp eða hlúa að. Þessi verkþáttur hefur ekki komist í framkvæmd, en hver starfsstöð hefur unnið að svæðum tengdum sínum skóla.

#### Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Engar sérstakar hindranir hafa komið upp við vinnu verkefnisins ef frá er talið íslenskt veðurfar sem við lítum á sem spennandi áskorun en ekki hindrun.



## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Þetta verkefni er þróunarverkefni sem stuðlar hefur að eflingu samvinnu og tengslum leikskólanna og grunnskólans í Seláshverfi. Orðið hefur til gagnkvæmur stuðningur og lærdómssamfélag þar sem sjónarmið mismunandi aldurstiga skóla hafa komið saman og blómstrað. Samstarfshópur kennara í grunn- og leikskólum í Seláshverfi hefur unnið að sameiginlegum markmiðum um nýtingu á grenndarskógi eða *Heimahögum* skólanna. Með þessu móti hefur einnig þekking nemenda á eigin umhverfi aukist og virðing þeirra fyrir náttúrunni og sögu hverfisins eflst. Verkefnið gefur möguleika á faglegu samstarfi og flæði milli skólastiganna svo og foreldrasamstarfi.



Útisivæði það sem gengur undir nafninu Heimahagar og er tileinkað þessu þróunarsamstarfi, gefur ýmsa nýja og spennandi möguleika til faglegrar samvinnu. Um margra ára skeið hefur verið unnið gott og metnaðarfull starf sem snýr að útinámi og umhverfismennt í öllum skólum Seláshverfisins. Þetta verkefni skapar tækifæri til enn fjölbreyttari kennsluhátta og eflir umhverfisvitund nemendanna og eflir teymisvinnu alls starfsfólks sem að kemur.



Rannsóknir hafa sýnt að efla megi tengsl leikskóla- og grunnskólabarna við náttúruna með útikennslu (sjá t.d. Kristínu Norðdal 2002, 2005 og 2010). Þessar rannsóknir benda til þess að í gegnum útikennsluna megi hafa jákvæð áhrif á viðhorf barnanna til náttúrunnar en það er einmitt einn liður í að kenna þeim um sjálfbærni sem er einn af grunnþáttum nýju aðalnámskrárinnar. Þar sem sjálfbærni felur í sér meðal annars að umgengni (góð og slæm) við náttúruna skilar sér til næstu kynslóðar þá má með því að nýta nánasta umhverfi skólans sem jafnframt er heimahverfi barnanna þar sem þau eru við störf og leik alla daga má kenna hvernig hægt er að hafa jákvæð (sem og neikvæð) áhrif á þetta sama umhverfi.

### Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Mikil ánægja er með verkefnið Heimahagar, hjá nemendum, kennurum og foreldrum. Meðvitað var farið hægt og skipulega í sakirnar og með því móti höfum við náð að festa verkefnið í sessi, en ekki daga uppi að loknu þróunartímabili. Styrkur sá sem verkefnið hlaut



hefur allur verið nýttur í kaup á ýmsum námsgögnum sem hæfa þessu aldurstigi og eru æskileg í vinnu sem þessari. Á næstu vikum er fyrirhugað að við að sér enn frekari gögnum þar sem eftirstöðvar eru af styrknum. Einnig er á dagskrá að heimsækja leik – og grunnskóla á Selfossi til að kynna sér þróunarverkefnið Gullin í grenndinni.

#### **Niðurstöður verkefnisins:**

Þau níu markmið sem sett voru fram í upphafi hafa öll náðst að mestu leyti og munu áfram verða leiðarljós okkar í áframhaldandi samvinnu. Það þarf mikinn drifkraft til að halda verkefni sem þessu lifandi og áhugaverðu. Kennarar þessara tveggja skólastiga eru lykilmanneskjur í þessu starfi og hafa þeir sýnt mikinn áhuga og elju. Mikil ánægja er með verkefnið og verkefnastjórn er sammála um að þetta samstarf sé mikilvægur hlekkur í að brúa bilið milli skólastiganna og mikilvægi þessa lærdómssamfélags sem myndað hefur verið sé ótvírætt. Heimahagar eru komnir til að vera.

#### **Niðurstöður markmiða verkefnisins samkvæmt umsókn.**

1. Að hefja samstarf leikskólanna Heiðarborgar, Rauðaborgar og Blásala og Selásskóla í Reykjavík um nýtingu og samvinnu á grenndarsvæði skólastiganna.
  - *Samstarfshópur sem upphaflega var grasrótahópur kennara í Selásskóla og leikskólakennara leikskólum Seláshverfis var formlega stofnaður, eftir að nokkrir umræðufundir höfðu átt sér stað. Þá voru einnig með í samstarfshópnum fulltrúar foreldra. Samstarfshópurinn breyttist síðan í svokallaða verkefnisstjórn sem er skipuð þeim kennurum sem eru á elsta stigi leikskólans og yngsta stigi grunnskólans. Verkefnisstjórninni stýrir verkefnisstjóri. Frá upphafi hefur verkefnisstjórn haft það að leiðarljósi að vinna saman á sameiginlegu grenndarsvæði skólastiganna, án þess að hefta sjálfstæði hvernar starfsstöðvar fyrir sig. Verkefnisstjórnin hefur unnið með það markmið að áhersla sé á samvinnu og nám nemenda og kennara. Útisvæðinu er ekki raskað með neinum framkvæmdum, heldur látið halda sér og alltaf skilið við svæðið á þann hátt að ekki er hægt að merkja að fólk hafi gengið þar um. Verkefnisstjórn fundar reglulega.*

2. Að mynda teymi kennara, foreldra og annars fagfólks, - lærdómssamfélag, á sviði útináms sem vinnur saman, miðlar reynslu og eflir fagmennsku.
  - *Það lærdómssamfélag sem hér er talað um í markmiði 2 er jafnframt sú verkefnisstjórn sem vinnur að verkefninu. Nokkuð breytilegt getur verið frá ári til árs hverjir starfa í teyminu, en það er alltaf sami verkefnisstjóri og frá leikskólunum eru fastir fulltrúar auk kennara sem kenna á elsta stigi leikskólans og þeir kennarar sem kenna í 1. bekk Selásskóla. Teymið fundar reglulega og sækir sér fróðleik til fagfólks utan skólanna og má þar sérstaklega nefna Ólaf Oddson og Helenu Óladóttur sem voru teyminu til leiðsagnar á upphafstigum. Þá miðlar teymið reynslu sín á milli, en í teyminu starfar mjög mikið reynslufólk á sviði kennslu og útináms.*
3. Brúa bilið milli skólastiga og efla tengsl á milli nemenda leik- og grunnskóla innan hverfis.
  - *Það er stórt skerf að fara úr leikskóla í grunnskóla fyrir margar litlar sálir. Þótt tilhlökkunin sé oft mikil er einnig viss kvíði fyrir hinum stóra heimi sem bíður í grunnskólagöngunni. Með því að efla tengsl elstu barna leikskólans og þeirra yngstu í grunnskólanum – og ekki síður tengsl fullorðna fólksins höfum við stigið mikilvægt skref í að brúa það bil sem stundum vill myndast milli skólastiganna. Markmið þetta hefur tekist mjög vel þar sem nemendur sem koma í grunnskólann finna strax til öryggis þar sem kunnugleg andlit mæta þeim. Einnig finna þeir nemendur sem hafa kvatt leikskólann sinn til eftirvæntingar að hitta félagaga af leikskólanum og gömlu kennarana sína. Það eiga sér stað einhverjir töfrar þegar endurfundir verða. Þetta er stór liður í því að hugsa nám nemenda sem eðlilega heild frá upphafi leikskólagöngunnar.*
4. Að efla læsi og umhverfisvitund nemenda.
  - *Nemendur vinna mismunandi verkefni á útisvæðinu. Þau eru unnin með það að leiðarljósi að læsi og umhverfisvitund*

*nemenda eflist. Öll verkefni hafa verið unnin og prófuð af teymi leikskólakennara í útinámi sem starfaði á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur á SFS frá haustinu 2012. Unnið er meðal annars með tölustafi og hugtök tengdum stærðum og fjölda, stafi og hljóð, orð, flokkun, upplifun og annað sem heyrir undir námssviðum um læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni, menningu og sköpun.*

5. Auka vitund nemenda um að nýta megi nánasta umhverfi til fróðleiks og yndisauka.
  - *Markmiðið er að tengja betur nemendur við sitt nánasta umhverfi, að ekki þurfi að leita langt til að njóta náttúrunnar og leikvellir séu ekki einungis sandur, mól og tilbúin leiktæki. Þetta hefur tekist vel til og foreldrar hafa einnig nýtt sér þetta svæði með nemendahópum þegar bekkir hittast utan skólatíma.*
6. Að nýta fjölbreyttar og raunprófaðar kennsluáðferðir sem nýtast betur til einstaklingsmiðaðs náms.
  - *Engir nemendur eru eins og eiga ekki að vera eins. Því er mikilvægt að fjölbreyttar raunprófaðar kennsluáðferðir séu notaðar svo unnt sé að mæta einstaklingnum sem best og nemendur geti nálast viðfangsefni á sínum forsendum. Útinám býður upp á marga möguleika sem ekki er unnt að veita innan veggja skólanna. Mismunandi nálgun viðfangsefnis eflir skilning nemenda á viðfangsefnum læsis í víðum skilningi. Ánægja kennara er mjög mikil að geta unnið með nemendum í verkefnum á útisvæðunum sem skila sér síðan áfram í auknum skilningi á viðfangsefnum sem unnið er með daglega. Auðvelt er að tengja og yfirfæra reynslu og upplifun nemenda á því sem gert var í Heimahögum yfir í verkefni skólastofunnar.*
7. Að bæta og auka samstarf starfsfólks með faglegri samvinnu sem miðar að fjölbreyttari kennsluháttum.
  - *Verkefnið hefur tvímælaust aukið og bætt faglegt samstarf starfsfólks. Eðli verkefnisins kallar á fjölbreytta kennsluhætti*

*sem eru nauðsynlegir í nútímaskólasamfélagi. Kennarar koma saman að skipulagningu verkefna og úrlausnar á þeim og útinám stuðlar að fölbreyttum kennsluháttum.*

8. Að efla verklega kennsluhætti og mæta með því móti mismunandi námsstíl nemenda.

- *Með útinámi og verklegum kennsluháttum er frekar hægt að mæta mismunandi nemendahópi sem eðlilega lærir mismunandi og hefur þar af leiðandi mismunandi námsstíl. Þátttakendur í þessu verkefni eru sammála um að með þeirri nálgun sem skapast á vettvangi þá ná þeir betur til margra nemenda og þar með geta boðið nemendum upp á að virkja betur þann námsstíl sem þeim hæfir.*

9. Að auka vellíðan og ánægju nemenda í námi sínu.

- *Skipulagt nám eykur öryggi og ánægju nemenda. Það að verkefnin séu skipulögð og dagsett og tekist á við þau í nánast hvaða veðri og aðstæðum sem mæta kennurum og nemendum í íslensku tíðarfari styrkir nemendur tvímælaust. Tilhlökkun og eftirvænting er allsráðandi fyrir Heimahagatímana og þessar stundir skipta nemendum og kennara miklu máli. Það leikur enginn vafi á því að markmiði níu hefur fyllilega verið náð.*

#### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:**

Verkefnið hefur verið kynnt á hverri starfsstöð fyrir sig, á heimasíðum skólanna og í foreldrakynningum. Einnig var verkefnið formlega kynnt á málstofu á sameiginlegum starfsdegi grunn – og leikskólanna í Seláshverfi í marsmánuði 2015.



**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um :**

Verkefnið Heimahagar hlaut Hvatningaverðlaun Skóla – og frístundaráðs 2016 og voru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur í lok maí 2016. Einhugur er um að halda þessu samstarfi áfram að loknu þróunartímabilinu. Næsti skipulagsfundur verkefnastjórnar verður 12. janúar 2017.



Reykjavík,

haustið 2016

*Anna Sólveig Árnadóttir*

# Fylgiskjöl

**Skipulag og fundir**

**Skipulag - sýnishorn**

**Skipulag og fundir.**

Verkefnisstjórn hittist reglulega og skipuleggur sameiginlegar stundir skólastiganna.

Verkefnisstjóri sér um að boða fundi og með henni starfa í verkefnisstjórn þeir kennarar sem að verkefninu koma, hverju sinni, á hverri starfsstöð. Á fundum hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir sem ekki eru allar komnar til framkvæmda en verða skoðaðar síðar. Þessir samstarfsfundir eru mikilvægur vettvangur aðila til að koma sjónarmiðum á framfæri og ekki síður uppspretta hugmynda og lausna á viðfangsefnum.

Stofnfundur samstarfsins var haldinn vorið 2014 og nokkir samstarfsfundir þá um haustið. Þar var unnin hugmyndavinna að starfinu og faglegrar leiðsagnar utanaðkomandi aðila notið. Formlegt skipulag og samvinna skólastiganna á vettvangi Heimahaganna fór af stað haustið 2015. Sú samvinna er enn í fullum gangi þar sem verkefnisstjórn hittist í byrjun hvernar annar og skipuleggur verkefni komandi tímabils.

## Skipulag – sýnishorn

### Haust 2015

Dagsetning	kl.	Hverjir hittast	Verkefni	Annað
24. sept.	11*	Allir	Vígsla Heimahaga. Söngur	
1. okt.	11*	Selásskóli 11 börn Rauðaborg 10 börn Heiðarborg 8 börn	Talnadúkur. Stutt og löng grein	
8. okt.	11*	Blásalir 5-6 börn Rauðaborg 10 börn Selásskóli 11 börn	Talnadúkur. Stutt og löng grein	
15. okt.	11*	Selásskóli 12 börn Heiðarborg 8 börn Blásalir 5-6 börn	Talnadúkur. Stutt og löng grein	
29. okt.	11*	Selásskóli 11 börn Rauðaborg 10 börn Heiðarborg 8 börn	Hvað vantar á dúkinn? Hópleikur	
5. nóv.	11*	Blásalir 5-6 börn Rauðaborg 10 börn Selásskóli 11 börn	Hvað vantar á dúkinn? Hópleikur	
12. nóv.	11*	Selásskóli 12 börn Heiðarborg 8 börn Blásalir 5-6 börn	Hvað vantar á dúkinn? Hópleikur	
19. nóv.	14	Fundur í stýrihóp. Bókasafn Selásskóla	Skipulagning jólástundarinnar sem veður viku seinna	
26. nóv.	11*	Aðventu/jólástund í Heimahögum – ALLIR	Kakó, piparkökur	Hver starfsstöð kemur með kakó á brúsa og glös. Keyptar verða piparkökur

**Heimahagar – skipulag á vorönn 2016 -**

<b>Dagsetning</b>	<b>kl.</b>	<b>Hverjir hittast</b>	<b>Verkefni</b>	<b>Annað</b>
4. febr.	10:50	Selásskóli 11 börn Rauðaborg 10 börn Heiðarborg 8 börn	<i>Talan í hringnum + kakó + syngja: Nú er frost á Fróni. Ath. hafa með húlahring</i>	A
11. febr.	10:50	Blásalir 5-6 börn Rauðaborg 10 börn Selásskóli 11 börn	<i>Talan í hringnum + kakó + syngja: Nú er frost á Fróni. Ath. hafa með húlahring</i>	B
18. febr.	10:50	Selásskóli 12 börn Heiðarborg 8 börn Blásalir 5-6 börn	<i>Talan í hringnum + kakó + syngja: Nú er frost á Fróni. Ath. hafa með húlahring</i>	C
25. febr.		<b>Vetrarfrí í grunnskólum</b>		
3. mars	10:50	Selásskóli 11 börn Rauðaborg 10 börn Heiðarborg 8 börn	<i>Bolti á dúkinn + leikur + ávöxtur</i>	A
10. mars	10:50	Blásalir 5-6 börn Rauðaborg 10 börn Selásskóli 11 börn	<i>Bolti á dúkinn + leikur + ávöxtur</i>	B
17. mars	10:50	Selásskóli 12 börn Heiðarborg 8 börn Blásalir 5-6 börn	<i>Bolti á dúkinn + leikur + ávöxtur</i>	C
24. mars		<b>Páskafrí</b>		
5. apríl		Fundur verkefnastjórnar á bókasafni Selásskóla kl. 14		

## Skipulag haustið 2016

Ath. reyna að vera komin í Heimahagana kl. 10:50 svo hægt sé að byrja á verkefni kl. 11

Dagsetning	kl.	Hverjir hittast	Verkefni	Annað
21. sept.	10:50	Selásskóli 13 börn Rauðaborg 9 börn Heiðarborg 8 börn	✚ Talnadúkur. ✚ Stutt og löng grein	
28. sept.	10:50	Blásalir 10 börn Rauðaborg 8 börn Selásskóli 13 börn	✚ Talnadúkur. ✚ Stutt og löng grein	
5. okt.	10:50	Selásskóli 13 börn Heiðarborg 8 börn Blásalir 10 börn	✚ Talnadúkur. ✚ Stutt og löng grein	
12. okt.	10:50	Selásskóli 13 börn Rauðaborg 9 börn Heiðarborg 8 börn	✚ Hvað vantar á dúkinn? ✚ Hópleikur	
26. okt.	10:50	Blásalir 10 börn Rauðaborg 8 börn Selásskóli 13 börn	✚ Hvað vantar á dúkinn? ✚ Hópleikur	
2. nóv.	10:50	Selásskóli 13 börn Heiðarborg 8 börn Blásalir 10 börn	✚ Hvað vantar á dúkinn? ✚ Hópleikur	
10. nóv.	13:40	Fundur í stýrihóp. Skólasafn Selásskóla	Skipulagning jólástundarinnar sem verður 23. nóv.	Ákveða fyrsta fund á nýju ári.
23. nóv.	10:50	Aðventu-/jólástund í Heimahögum - ALLIR		